

## Stofnanasamningur

### Milli SFR – stéttarfélags í almannajónustu og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu SFV vegna Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann SÁÁ.

Skv. kjarasamningi SFR stéttarfélags og SFV vegna SÁÁ dags 1. febrúar 2016

#### 1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna SFR sem starfa hjá SÁÁ.

#### 2. Starfaflokkar.

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi störfum félagsmanna SÁÁ.

##### 2.1 Grunnröðun.

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvert starf:

Starfaflokkur	Grunnlaunaflokkur 1. júní 2017
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi á fyrsta ári	8-1
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi eftir 1 ár	9-1
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi eftir 2 ár	10-1
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi með réttindi	11-2
Dagskrárstjóri	17-0
Skrifstofustörf	9-0

#### 3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka.

##### 3.1 Starfsreynsla

Starfsmenn, aðrir en áfengis- og vímuefnaráðgjafar og dagskrárstjórar, sem hafa öðlast starfsreynslu hjá stofnunni, skulu hækka um launaflokka sem hér segir.

Starfsmaður með 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokka.

Starfsmaður með 5 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokka.

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá stofnunni að 2/3 hluta eða að öllu leyti.

Starfsreynsla getur aldrei talið meira en 3 launaflokka.



1

KSG

### 3.2 Menntun.

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýttist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir.

Starfsmenn aðrir en áfengis- og vímuefnaráðgjafar og dagskrárstjórar, sem lokið hafa formlegu starfsnámi allt að 2 vetrum m.v. fullt nám skulu hækka um 1 þrep.

Starfsmaður sem lokið hefur stúdentsprófi skal hækka um 1 þrep.

Áfengis- og vímuefnaráðgjafar og dagskrárstjórar sem þreytt hafa CAC, MAC próf NAADAC samtakanna og hafa staðist þau skv. staðfestingu frá NAADAC skulu fá 3ja þrepa hækkun.

Áfengis- og vímuefnaráðgjafar sem þreytt hafa próf í skóla SÁÁ fyrir heilbrigðisstarfsmenn og staðist þau fá eitt þrep í hækkun fyrir hvert próf. Áfengis- og vímuefnaráðgjafi sem hefur full réttindi ráðast þannig í lfl. 11-2 til samræmis við grein 2.1.

### 3.3 Starfsnám / símenntun.

Starfsmaður, aðrir en áfengis- og vímuefnaráðgjafar og dagskrárstjórar, sem lokið hefur starfsmenntun sem viðkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýttast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

Starfsmaður skal þegar 60 kennslustund er náð hækka um 1 þrep.

Starfsmaður skal þegar 120 kennslustund er náð hækka um 1 þrep til viðbótar.

Starfsmaður skal þegar 200 kennslustund. er náð hækka um 1 þrep til viðbótar.

### 3.4 Annað.

Heimilt er hækka starfsmann um launaflokka/þrep ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreinar forsendur:

-starfið felur í sér sérstaka ábyrgð.

-starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan.

-starfsmaður sýnir hæfni og frumkvæði til samskipta og samvinnu.

Samstarfsnefnd getur farið fram á skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur er verið að taka tillit til.

## 4. Um kjör áfengis- og vímuefnaráðgjafa og dagskrárstjóra

**4.1 Aðlögunartími/þjálfun.** Á aðlögunar/þjálfunartíma sem stendur yfir í 24 mánuði, starfar starfsmaður ákveðinn lágmarkstíma á hverjum meðferðarstað SÁÁ sem hér segir:

Sjúkrahúsið Vogur 6 mánuðir

Meðferðarheimili Vík, kvennadeild, 3 mánuðir

Meðferðarheimilið Vík, karladeild, 3 mánuðir

Göngudeildum 4 mánuðir

**4.2 Skráning vinnutíma.** Allir þeir sem fá greitt eftir samningi þessum skrá vinnutíma sinn með stimpilklukku eða skila nákvæmri vinnuskýrslu þar sem stimpilklukku nýtur ekki við. Eru þessar upplýsingar notaðar til grundvallar launaútreikninga. Vinnuskýrsla skal undirrituð af viðkomandi yfirmanni/deildarstjóra.

AA  
KSO  
2  
[Handwritten signatures]

**4.3 Ferðatími.** Ferðtími tekinn innan dagvinnutíma til og frá vinnu skal vera sem hér segir:  
Vík 2 x 30 mín. á dag  
Ferðatími greiðist ekki í orlofi eða öðrum fjarvistum.  
Peir sem ráðnir voru fyrir 1. mars 2001 skulu hafa sömu reglur og giltu fyrir þann tíma.

**4.4 Akstur.** SÁÁ skal greiða eftirfarandi vegna flutnings til og frá vinnustað:  
Vík: 40 km. fyrir hverja ferð sem einkabifreið er notuð til og frá vinnustað samkvæmt akstursdagbók

**4.5 Vinnufyrirkomulag.** Vinnufyrirkomulag hjá áfengis- og vímuefnaráðgjöfum og dagskrárstjórum:

Vogur: Mæting á Vog kl. 09.00, farið frá Vog kl. 17.00

Vaktavinna: Vaktafyrirkomulag er á Vog. *Vaktafyrirkomulagið er skv. ákvæðum kjarasamnings gr. 2.6.2.*

Göngudeildir: Mæting kl. 09.00 til kl. 17.00.

Vaktavinna: Vaktafyrirkomulag er á Göngudeildum. Vaktafyrirkomulagið er skv. ákvæðum kjarasamnings hverju sinni og er sett upp í samráði við starfsmenn. *Vaktafyrirkomulagið er skv. ákvæðum kjarasamnings gr. 2.6.2.*

Vík: Mæting á Vík kl. 09.00 farið frá Vog kl. 08.30. Farið frá Vík kl. 16.00 komið á Vog kl. 16.30. Vinnuskýrsla útfærast þannig: 08.30 – 16.30 þegar um vakt er að ræða þá útfærast vinnuskýrslan þannig: 17.00 til 09.00 og á helgarvakt 08.00 – 00.  
Vaktavinna verði eins og verið hefur.

**4.6 Vaktarálag.** Starfsmenn sem skila vinnuskyldu sinni eftir kl. 17.00 á virkum dögum, laugardögum og sunnudögum og sérstökum frídögum, skulu fá 55% vaktarálag. Á stórhátíðardögum skal greiða 90% vaktarálag.

**4.7 Ráðstefnur erlendis.** Það er sameiginlegur skilningur aðila að mikilvægt sé fyrir áfengis- og vímuefnaráðgjafa og dagskrárstjóra að sækja fagráðstefnur erlendis. SÁÁ stefnir að því að til sé áætlun fyrir starfsmannahópinn í byrjun hvers árs.


**4.8 Auglýsing starfa.** Lausar stöður dagskrárstjóra skulu auglýstar innan deilda SÁÁ þegar losna með hæfilegum fyrirvara.

**4.9 Flutningur milli deilda.** Allir áfengis- og vímuefnaráðgjafar eru ráðnir til SÁÁ skv. sérstökum ráðningarsamningum og er heimilt að flytja starfsmenn á milli deilda.


## 5. Gildistími.

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2017.

Fh. SFR.



Fh. SÁÁ.

  
Eybjörg Hauksd.